


Sunnudaginn 28. ágúst klukkan 15.00 ætla fimm bandarískar listakonur sem dvalið hafa á Gullkistunni á Laugarvatni í ágúst að opna sýningu á verkum sínum og segja frá dvöl sinni. Sjá nánar á fb.

Klukkan 16.00 verða einnig sýndar tvær stuttar heimildamyndir eftir eina þeirra. Boðið verður upp á léttar veitingar og eru allir hjartanlega velkomnir.



Frá vinstri Elizabeth Sher sinnir myndlist og kvikmyndagerð, myndlistarkonan Anna Lawrence, Brooke Holve sem notar gjarnan gamlar bækur sem hráefni í sinni myndlist og Sara Sutter rithöfundur. Elizabeth og Brooke dvöldu báðar á Gullkistunni fyrir þrem árum. Auk þeirra tekur tónlistarkonan Alison Leedy þátt í dagskránni.



Heimildamyndirnar tvær sem sýndar verða klukkan 16.00 eru eftir Elizabeth Sher.

PENNY er margverðlaunuð mynd sem fjallar um Penny Cooper baráttukonu fyrir jöfnum réttindum samkynhneigðra og varpar ljósi á þennan merka brautryðjanda og frábæra karakter. Penny er lesbía og aktívisti en jafnframt einn virtasti dómstóralögfræðingur í Kaliforníu.

Títlill seinni myndarinnar gæti útlagst á íslensku MINNING HINNA LÁTNU – LIST SORGARATHAFNA. Í henni er sorgarferlið skoðið í sögulegu ljósi og í ólíkum menningarheimum. Sagt er frá leit mannsins að leiðum til að lifa með og sættast við sorgina þar sem lítið er á dauðann sem eðlilega og náttúrulega framvindu lífsins.